

14060089.

PP

2.4.76

23.09.2014



Forsætisráðuneyti

Vinnuhópur um eftirlitsstofnanir
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

TILVÍSUN

DAGSETNING

BK/eeg/14/1226

19.09.2014

Efni: Svar við brefi vinnuhóps um eftirlitsstofnanir dagsett 20. ágúst 2014.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist bréf frá vinnuhóp um eftirlitsstofnanir, dags. 20. ágúst 2014, þar sem óskað er álit.s embættisins á því að hve miklu leyti sé unnið eftir viðmiðunum í þarfefndum tveimur skýrslum OECD, *The Governance of Regulators* og *Regulatory Enforcement and Inspections*, og hvort embættið telji þau henta sem leiðbeiningar. Jafnframt er af hálfu vinnuhópsins óskað eftir ábendingum um hvernig megi bæta eftirlitsstarfsemi hjá stofnunni, þ.m.t. hvort þær reglur sem hún starfar eftir séu við hæfi.

Áður en vikið verður að svörum við fyrirspurnum vinnuhópsins þykir til hagræðis og fyllri skýringa rétt að hafa fyrst nokkur orð um hlutverk embættisins og það regluverk sem því einkum er gert að starfa eftir, sem þá öðru fremur mótar starfsemi þess og verklag. Nánar undir hverjum lið bréfsins verður vikið að þeim helstu atriðum sem skattrannsóknarstjóri telur athygliverð og kynnu að gagnast í störfum vinnuhópsins. Í svari skattrannsóknarstjóra er einkum horft til þeirra atriða sem fjallað er um undir einstökum liðum í brefi vinnuhópsins. Er ráð fyrir því gert að vinnuhópurinn kalli eftir frekari gögnum eða sjónarmiðum um einstök atriði telji hann það til gagns.

Þau lagaákvæði er lúta að embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins er einkum að finna í einstökum ákvæðum hina ýmsu skattalaga, einkum þó laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. einkum 103. og 110. gr. laganna. Svo sem þar kemur fram hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins með höndum rannsóknir á brotum á þeim lögum um skatta og gjöld sem á eru lögð af hálfu ríkisskattstjóra eða honum falin framkvæmd á, sbr. 1. mgr. fyrrgreindrar 103. gr. laga nr. 90/2003. Þá er skattrannsóknarstjóra markað ákvæðið hlutverk við rannsóknir brota á lögum um bókhald nr. 145/1994 og lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Er þannig innan skattkerfisins greint á milli eftirlits og rannsókna, þannig að rannsóknir á meintum refsiverðum brotum eru í höndum skattrannsóknarstjóra en eftirlit innan skattkerfisins í höndum ríkisskattstjóra, sbr. 102. sömu laga. Við rannsóknaraðgerðir skattrannsóknarstjóra skal gætt ákvæða laga um meðferð sakamála eftir því sem við getur átt, einkum varðandi réttarstöðu grunaðra manna á rannsóknarstigi, sbr. 7. mgr. 103. gr. laganna. Er meðferð mála hjá skattrannsóknarstjóra í samræmi við það að verulegu leyti lituð af þeim reglum er gilda um meðferð sakamála, þannig að á stundum hefur verið talað um meðferð mála hjá skattrannsóknarstjóra sem „ígildi löggreglurannsóknar“ á sviði skattamála¹. Annað meginhlutverk skattrannsóknarstjóra, til

¹ Sjá t.d. ákvörðun Persónuverndar frá 7. desember 2010 um tölvupóstsskoðun skattrannsóknarstjóra



viðbótar rannsóknum meintra skattalagabrota, er að hlutast til um refsimeðferð vegna ætlaðra brota, annað tveggja með ákvörðun sektar hjá embættinu sjálfu eða með vísun mála til refsimeðferðar hjá yfirskattanefnd eða sérstökum saksóknara. Auk framangreindra lagaákvæða er í reglugerð nr. 373/2001, um framkvæmd skattefirlits og skatstrannsókna, að finna all ítarleg ákvæði um skatstrannsóknir, einkum um meðferð mála hjá embættinu.

1. Skýrt hlutverk eftirlitsaðila (Role clarity)

Hlutverk embættis skatstrannsóknarstjóra er skilgreint í lögum, sbr. einkum fyrrnefnd ákvæði 103. og 110. gr. laga nr. 90/2003. Önnur ákvæði skattalaga skilgreina einnig hlutverk embættisins, t. a. m. 113. gr. nefndra laga. Hlutverk embættisins eins og það er tilgreint í þeim ákvæðum laganna markar embættinu skýrt hlutverk. Þar sem þau ákvæði er gilda um starfsemi embættisins eru nokkuð á við og dreif innan lagabálka er taka til hinna ýmsu tegunda skatta er athugandi hvort æskilegra sé að þeim ákvæðum er gilda um embættið og starfsemi þess verði mörkuð skýrari framsetning en nú er, t.a.m. með því að þau verði tekin saman í sérstakan kafla innan einstakra lagabálka eða jafnvel að um starfsemi skatstrannsóknarstjóra myndu gilda sérstök lög er tækju til verkefna embættisins sérstaklega. Hlutverk skatstrannsóknarstjóra í lögum nr. 3/2006, um ársreikninga er ekki eins skýrt og æskilegt væri þar sem ráð er fyrir gert aðkomu embættisins við rannsóknir mála vegna brota á þeim lögum, sbr. 126. gr. laganna, en öðrum ákvæðum ekki til að dreifa um þá aðkomu embættisins eða hlutverk í þeim rannsóknum að öðru leyti. Hið sama á að nokkru við um lög um bókhald nr. 145/1994.

Heimildir embættisins til gagnaöflunar og beitingar annarra úrræða, þ.m.t. þvingunarúrræða er með sama hætti og hvað hluverk embættisins varðar að finna í einstökum ákvæðum skattalaga, einkum 94. gr. og 110. gr. tittnefndra laga nr. 90/2003. Telur skatstrannsóknarstjóri þær heimildir að meginstefnu til vera fullnægjandi. Áður hefur verið vikið að 7. mgr. nefndrar 103. gr. laganna. Hefur það ákvæði leitt til þess að rannsóknir skatstrannsóknarstjóra hafa á undanförnum áratugum þokast í æ meira mæli í átt að rannsóknum lögreglu og beitingu ákvæða laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, við rannsóknir skatstrannsóknarstjóra. Pannig hafa t.a.m. verið talið að ákvæði sakamálalaga gildi um tilnefningu verjanda við rannsóknir hjá skatstrannsóknarstjóra, sem og ákvæði þeirra laga um aðgang að gögnum máls, heimildir til að bera þvingunaraðgerðir undir dóm o.s.frv. Er æskilegt að með afdráttarlausari hætti sé tekin afstaða til þess af hálfu löggjafans að hve miklu leyti meðferð mála hjá skatstrannsóknarstjóra skuli fara að lögum um meðferð sakamála.

Svo sem áður hefur verið greint frá hefur ríkisskattstjóri með höndum skattefirlit og skatstrannsóknarstjóri með höndum rannsóknir vegna gruns um refsiverð brot. Hafi ríkisskattstjóri grun um skattsvík eða að refsiverð brot á lögum um bókhald eða lögum um ársreikninga hafi verið framin skal hann tilkynna það skatstrannsóknarstjóra sem ákveður um framhald málsins, sbr. 6. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Grundvallarmunur er á allri málsmeðferð eftir því hvort mál er afgreitt endanlega af hálfu ríkisskattstjóra eða því



vísað til skatstrannsóknarstjóra. Málum sem sæta meðferð hjá skatstrannsóknarstjóra getur verið lokið með sektum eða fangelsi andstætt málum sem lokið er hjá ríkisskattstjóra, þar sem öðrum viðurlögum en á lagi verður ekki viðkomíð. Mikilvægt er því að mörk eftirlits og rannsókna séu sem allra gleggst. Skatstrannsóknarstjóri hefur um árabil á það bent, m.a. í ársáætlunum og ársskýrslum embættisins, að embættið telji þörf á skýrari skilum til að koma í veg fyrir hættu á ólíkri afgreiðslu sambærilegra mála. Skal hér á það bent að ekki er nægjanlegt í því sambandi að settar séu reglur eða mörk er marka viðmiðanir innan skattkerfisins heldur þurfa þær einnig að binda hendur löggreglu og ákærvalds með sama hætti. Í nýlegri *skýrslu nefndar um athugun á stjórnsýslu skattamála* frá desember 2013, er að þessu atriði sérstaklega vikið (bls. 32 og 36).² Er til þeirrar umfjöllunar vísað að örðru leytí.

Um langt árabil hefur skatstrannsóknarstjóri lýst því viðhorfi að helsti annmarkinn á meðferð alvarlegra skattalaugarbrota sé sú endurtekna rannsókn sem fram fer hjá löggreglu í kjölfar vísunar máls þangað frá skatstrannsóknarstjóra. Undir þá gagnrýni hafa einnig tekið m.a. ríkissaksóknari og ríkislöggreglustjóri. Á undansförnum árum hefur verið bent á leiðir til úrbóta, m.a. í *skýrslu nefndar um skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar i efnahagsbrotamálum* frá október 2013 (einkum kaflar 5.8 og 10.3).³

Skatstrannsóknarstjóri nýtur samstarfs við ýmsar stofnanir ríkisins, einkum ríkisskattstjóra, embætti sérstaks saksóknara, löggreglu höfuðborgarsvæðisins og önnur löggregluembætti. Nær undantekningalaust gengur það samstarf mjög vel og er til styrkingar málaflokknum. Að mati skatstrannsóknarstjóra væri æskilegt að samvinna stofnana er koma að rannsóknum efnahagsbrota yrði efld og henni markaður skýr rammi í lögum, í því markmiði að samræma aðgerðir og auka skilvirkni. Þá væri æskilegt að mótuð væri sameiginleg stefna í málaflokknum þvert á ráðuneyti og stofnanir.⁴ Einnig telur skatstrannsóknarstjóri mikilvægt að hugað sé að því hvort lagheimildum til upplýsinga- og gagnaskipta á milli stofnana sé of knappur stakkur skorinn, en 117. gr. setur upplýsingagjöf skatstrannsóknarstjóra til annarra stofnana þróngar skorður.

Nær allar ákvarðanir skatstrannsóknarstjóra sæta endurskoðun annars stjórnvalds. Þannig annast ríkisskattstjóri endurákvörðun á sköttum þegar aðgerðir skatstrannsóknarstjóra gefa tilefni til þess, sbr. 6. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003, löggregla leggur mat á rannsókn skatstrannsóknarstjóra og metur tilefni til ákærumeðferðar, sbr. 4. mgr. 110. gr. sömu laga og yfirskattanefnd úrskurðar um sektir á grundvelli kröfus skatstrannsóknarstjóra þar um, sbr. 1. mgr. 110. gr. laganna. Í þeim tilvikum þegar máli er lokið með sekt hjá skatstrannsóknarstjóra er ríkissaksóknara tilkynnt um þá niðurstöðu, og leggur hann mat á þær ákvarðanir, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Þá eru rannsóknaraðgerðir skatstrannsóknarstjóra kæranlegar eftir

²<http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettir/Stjornsysla-skattamala.pdf>. Sjá einnig skýrslu Ríkisendurskoðunar um áhættustjórnun og innra eftirlit í virðisaukaskatti frá nóvember 2008.

³ <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2013/Skyrsla-um-skipan-efnahagsbrotamala---a-vefinn-15.-november.pdf>. Sjá einnig t.d. stjórnsýluúttekt ríkisendurskoðunar á embætti ríkislöggreglustjórans á árinu 2006.

⁴ Að þessu er vikið í *skýrslu nefndar um skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar i efnahagsbrotamálum*. Sjá einnig t.d. <http://www.ekobrottsmyndigheten.se/Documents/Rapporter/%C3%85re-rapporten.pdf> og http://www.regjeringen.no/Upload/FIN/Info/2011/forelopig__versjon_handlinsplan_oko_krim.pdf



ákvæðum laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, sérstök ákvæði gilda í 94. gr. um gagnaöflun skatstrannsóknarstjóra og heimildir til að bera ágreining þar um undir dóm. Þá eru ýmsar aðrar ákvarðanir kæranlegar til fjármála- og efnahagsráðuneytis sem æðra stjórnvalds. Ekki eru þó allar ákvarðanir kæranlegar eða sæta endurskoðun annars stjórnvalds, þ.m.t. ákvörðun um að hlutast ekki til um rannsókn.

2. Koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og skapa traust (Preventing undue influence and maintaining trust)

Skatstrannsóknarstjóri heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið og sætir embættið lögum samkvæmt ákveðnu eftirliti þess ráðuneytis, sbr. 106. og 107. gr. laga nr. 90/2003. Skatstrannsóknarstjóra er þó tryggt sjálfstæði í störfum sínum með því að hann hefur að mestu leyti sjálfsvald með það hvaða mál tekin eru til rannsóknar af hálfu embættisins, sbr. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003.

Í fyrrnefndri nýlegrí *skýrslu um athugun á stjórnsýslu skattamála* er fjallað sérstaklega um stofnanauppgbyggini skattkerfisins, þ. á m. um stjórnskipulega stöðu skatstrannsóknarstjóra gagnvart fjármála- og efnahagsráðuneytinu, og eftirlitshlutverk og –framkvæmd ráðuneytisins. Er til þeirrar umfjöllunar að öðru leyti vísað. Skatstrannsóknarstjóri og fjármála- og efnahagsráðuneytið gerðu með sér samning á árinu 2004 um markmið og áherslur í starfi skatstrannsóknarstjóra.⁵ Svo sem fram kemur í nefndri skýrslu hefur sá samningur ekki verið endurnýjaður. Eins og fyrr hefur verið vikið að í þessu bréfi telur skatstrannsóknarstjóri að til bóta væri fyrir málaflokkinn að mótuð væri stefna um áherslur í málaflokknum með aðkomu þeirra ráðuneyta og stofnana sem skatta- og efnahagsbrotamálum sinna.

Um hæfi starfsmanna skatstrannsóknarstjóra til að sinna einstökum málum gilda 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þ. á m. varðandi hæfi þeirra til að koma að málum sem snerta fyrirverandi vinnuveitendur. Hið sama á við um aðra starfsmenn kunna að vera í slíkum tengslum við að hætta sé á að hæfi þeirra verði dregið í efá. Tekur skatstrannsóknarstjóri mið af þeim reglum.

3. Ákvörðunartökuferli og stjórn sjálfstæðra eftirlitsaðila (Decision making and governing body structure for independent regulators)

Um verkaskiptingu skatstrannsóknarstjóra og fjármála- og efnahagsráðuneytisins er vísað til umfjöllunar undir lið 2 í bréfi þessu og þeirra lagaákvæða sem um samspli þeirra stofnana gilda, einkum í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Sjálfstæð stjórn er ekki yfir skatstrannsóknarstjóra.

⁵ Samningurinn er birtur á heimasíðu skatstrannsóknarstjóra, www.skattrann.is
<http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettir/Stjornsysla-skattamala.pdf>



4. Ábyrgð og gagnsæi (Accountability and transparency)

Skattrannsóknarstjóri stendur fjármála- og efnahagsráðuneytinu skil á ársreikningum stofnunarinnar og ársáætlunum í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjáreiður ríkisins og reglugerð nr. 1061/2004, um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjáreiðum ríkisstofnana. Er þar gerð grein fyrir helstu verkefnum embættisins, áherslum og fjáreiðum. Ársskýrslur embættisins eru birtar á heimasíðu þess. Þá hefur áður verið vikið að samningi skattrannsóknarstjóra og fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Úttektir á starfsemi embættisins hafa einkum verið framkvæmdar af ríkisendurskoðun, sem gert hefur nokkrar slikar úttektir og hafa þær einkum varðað afmörkuð svið eða verkefni embættisins. Hluti þeirra úttekta er birtur á heimasíðu ríkisendurskoðunar.

Fyrr í þessu bréfi, undir lið 1, hefur verið gerð grein fyrir því að flestar ákvarðanir skattrannsóknarstjóra verða bornar undir annað stjórnvald með kæru eða sæta endurskoðun með öðrum hætti. Undir rannsókn einstakra mála eru aðilum máls afhentar leiðbeiningar er varða þau atriði er lúta að málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra og helst er ætlað að komi aðilum að gagni. Er þar einkum annars vegar um að ræða leiðbeiningar „Um rannsókn mála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins“ og hins vegar „Um refsimeðferð mála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins“. Eru þessar leiðbeiningar birtar almenningi á heimasíðu embættisins ásamt „Reglum skattrannsóknarstjóra um kyrrsetningu eigna“. Þá er á heimasíðunni birt reglugerð nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna, en eins og fyrr hefur verið vikið að, hefur sú reglugerð að geyma ítarleg ákvæði um embættið og verkefni þess, m.a. um málsmeðferð innan embættisins. Í bréfum til aðila við meðferð einstakra mála er gerð grein fyrir kæruleiðum eftir því sem við á í samræmi við 2. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Að öðru leyti er fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga eftir því sem við á, t.a.m. um rökstuðning, tilkynningu um meðferð máls, andmælarétt o.s.frv. Þær ákvarðanir sem teknar eru af hálfu embættisins, og telja má til þeirra mikilvægustu, þ. á m. ákvörðun um rannsókn eða niðurfellingu rannsóknar, og ákvörðun um refsimeðferð, eru rökstuddar sérstaklega og teknar af teymi starfsmanna.

Á heimasíðu embættisins er uppgefið netfang þar sem hægt er að koma að hverju því atriði sem almenningur sér ástæðu til að vekja athygli embættisins á, þ. á m. um störf embættisins. Á síðunni er einnig sérstakur hnappur fyrir almenning til að koma á framfæri ábendingum um skattsvik. Þá getur almenningur komið athugasemdum við störf embættis skattrannsóknarstjóra á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið, sem eftirlitsaðila með störfum skattrannsóknarstjóra, sbr. fyrnefnd ákvæði 106. og 107. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

5. Tengsl við eftirlitsskylda aðila (Engagement)

Skattrannsóknarstjóri tekur mál til rannsóknar í þeim tilvikum þegar rökstuddur grunur er um brot á skattalögum. Að jafnaði sæta þeir aðilar meðferð hjá skattrannsóknarstjóra í það eina sinn, þó dæmi séu um endurtekin brot og þar með meðferð. Innan skattkerfisins er embætti ríkisskattstjóra fengið það hlutverk að hafa með höndum álagningu skatta og skatteftirlit. Er



honum þar m.a. fengið það hlutverk að setja framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum, sbr. 1. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003. Má ætla að einhverju marki séu þær reglur og framkvæmd mótaðar eftir samráð eða samskipti við hagsmunaaðila.

6. Fjármögnun (Funding)

Fjárhheimildir til embættis skatstrannsóknarstjóra eru ákveðnar að öllu leyti í fjárlögum. Aðrar tekjur en þar eru tilgreindar hefur embættið ekki. Endurálagning skatta í kjölfar rannsókna skatstrannsóknarstjóra og sektir vegna upplýstra brota renna að öllu leyti í ríkissjóð.

Þær fjárhheimildir sem embættinu eru þannig markaðar ræður því hvaða mannafla er úr að spila til að sinna þeim verkefnum sem embættinu er lögum samkvæmt fengin. Er það svo, og verið hefur um árabil, að vegna skorts á mannafla hefur embættið ekki haft tök á að taka öll þau mál til rannsóknar, þar sem grunur liggur fyrir um skattalagabrot. Er ljóst að flókin mál og umfangsmikil krefjast meiri mannafla en þau sem einfaldari eru. Er því að mati embættisins ljóst að sá mannafla sem embættið hefur yfir að búa þarf að hafa burði til þess að taka til rannsóknar nokkur umfangsmikil mál á hverjum tíma. Með fjölgun starfsmanna á árinu 2010 var embættinu betur gert kleift að bregðast við slíkum málum en ella hefði verið. Telur embættið mikilsvert að til þessa sé horft við ákvörðun á fjárhheimildum til embættisins.

Ljóst er að fjöldi mála og takmarkaður mannafla hefur á það nokkur áhrif hvaða mál eru tekin til rannsóknar hverju sinni, hvort heldur er litið til fjölda mála eða eðli brota. Þannig er með engu móti fært að sinna mörgum umfangsmiklum málum á hverjum tíma vegna þess hve mannfrekar slíkar rannsóknir eru. Þó er öllum málum hjá skatstrannsóknarstjóra forgangsraðað eftir alvarleika ætlaðra brota og eftir því sem unnt er við þá forgangsröðun miðað þegar ákvarðanir eru tekna um hvort hlutast beri til um rannsókn.

Sökum fjölda mála sem annað tveggja eru í rannsókn eða bíða rannsóknar hafa önnur verkefni en þau sem lúta að beinum rannsóknum og refsimeðferð mála og embættinu er ætlað að sinna, fengið minni athygli og má þar nefna t. a. m. rannsóknir og upplýsingasöfnum um skattsvík, sem eins og fram kemur í samningi skatstrannsóknarstjóra við fjármála- og efnahagsráðuneytið, embættinu er einnig ætlað að sinna.

7. Frammistöðumat (Performance evaluation)

Fyrr í bréfi þessu hefur verið gerð grein fyrir því að embættið standi árlega skil á bæði ársáætlun og ársskýrslu til fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Þá hefur verið gerð grein fyrir því að ríkisendurskoðun hafi gert úttektir á einstökum þáttum í starfsemi embættisins. Til viðbótar má einnig nefna að þingmenn og þingnefndir hafa í gegnum árin sýnt embættinu og verkefnum þess áhuga og óskað eftir ýmsum upplýsingum um störf þess og frammistöðu.

Í árlegum ársáætlunum embættisins er gerð grein fyrir áherslum embættisins á komandi ári og áætlanir settar fram um markmið. Lúta þær áætlanir hvort tveggja að áherslum og markmiðum í verkefnum embættisins auk fjárhagsáætlunar. Við markmiðaáætlun hefur frá upphafi einkum




verið horft til fjölda mála sem embættið áætlar að ljúka á því ári sem framundan er, annars vegar fjölda rannsókna og hins vegar fjölda mála í refsimeðferð, þó einnig sé eftir atvikum gerð grein fyrir öðrum áherslum embættisins. Mælikvarðar sem taka mið af fjölda mála eru þó takmörkunum bundnir, m.a. sökum þess að einstök mál eru mjög misjöfn að umfangi og þar með í málsméðferðartíma. Forsendur þeirra markmiða geta því auðveldlega breyst.

Innan embættisins er einnig haldið utan um ýmsa aðra þætti sem kunna að gefa vísbindingar um frammistöðu þess, s.s. fjárhæðir endurálagningar skatta í kjölfar rannsókna skattransóknarstjóra, sektarfjárhæðir og málshraða. Allir þessir mælikvarðar eru þó takmörkunum bundnir og meta ekki nema að takmörkuðu leyti gæði starfa embættisins. Þá skoðar embættið sífellt árangur og að vissu leyti jafnframt gæði starfa sinna með því að fylgjast með afdrifum mála samkvæmt úrskurðum ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar og samkvæmt niðurstöðum dómistóla.

Fjárhagsmarkmið embættisins eru ávallt þau að halda rekstrinum innan fjáheimilda. Eins og fyrr hefur verið gerð grein fyrir hafa verkefni embættisins tekið mið af þeim mannafla sem fjáheimildir embættisins hafa staðið undir af hverju sinni.

Með vísan til alls framanritaðs er það álit embættis skattransóknarstjóra, að í flestu sé unnið eftir þeim viðmiðunum sem lesa má út úr fyrrnefndum tveimur skýrslum OECD. Þó sé færi til umbóta til styrkingar íslenskri stjórnsýslu. Hafa í þessu bréfi verið nefnd nokkur atriði þar að lútandi. Þá er það álit skattransóknarstjóra að þau viðmið sem þar koma fram henti sem leiðbeiningar. Hafa þarf þó í huga að stofnanir hafi til þess bolmagn, þ. á m. mannafla, að sinna þeim verkefnum sem af þeim leiðbeiningum leiða.

Virðingarfyllst,



Bryndís Kristjánsdóttir,
skattransóknarstjóri ríkisins